

FUNDUR HJÁ FORELDRAFÉLAGI HOFSSSTAÐASKÓLA

Fundarstaður: Hofsstaðaskóli 31. ágúst. kl. 20.

Mættir: Herdís, Iðunn og Þorgeir.

Iðunn formaður foreldrafélagsins boðaði til fundarins og mætti með dagskrá á fundinn sem lesin var lið fyrir lið.

1. Atriði sem þarf að vera lokið fyrir haustfundi (þeir eru dagana 9. og 10. sept):
 - Drífa þarf í að ná í flesta foreldra og athuga hverjir verða bekkjarfulltrúar í vetur en þeir eru tveir til þrír í hverjum bekk. Guðrún tekur að sér að safna nöfnum bekkjarfulltrúa (sniðugt að gera það með því að fá umsjónarkennarana til að senda mail á foreldrana og athuga hverjir taka að sér að vera bekkjarfulltrúar).
 - Herdís ætlar að hringja á skrifstofu Hofsstaðaskóla og fá fundaraðstöðu fyrir fullrúaráðsfundinn sem fundarmenn ákváðu að yrði mánud. 8. sept. kl. 20-22. Ef það vantar bekkjarfulltrúa þá munu Herdís og Guðrún hafa milligöngu um að skipa fulltrúa fyrir þá sem uppá vantar.
 - Guðrún mun senda fundarboð á alla fulltrúa vegna fullrúaráðsfundarins. Einnig mun hún athuga hvort formaður foreldraráðs vill taka þátt.
 - Iðunn ætlar að athuga hvort hægt sé að fá starfsmann frá heimili og skóla til að annast kynningu og umfjöllun um foreldrasamning og fleira.
 - Herdís kemur með bæklinga og möppur frá heimili og skóla til bekkjarfulltrúanna.

2. Dagskrá Fullrúaráðsfundar. Fundarmenn voru sammála um að dagskrá fullrúaráðsfundarins yrði eftirfarandi:

- Kynning á stjórn foreldrafélagsins.
- Starfsáætlun for.félagsins sett fram fyrir veturinn.
- Kynning á foreldraráði (verkefni þess og hlutverk).
- Breytingar á lögum.
- Kynning á hlutverki bekkjarfulltrúa almennt og hlutverki þeirra á haustfundum.
- Kosning í nefndir fyrir veturinn (hausthátíð, laufabrauðsnefnd/aðventunefnd, öskudagsnefnd, e.t.v. aðrar nefndir).
- Fatnaður, kynning og verð.
- Önnur mál.

3. Fatnaður

Á fyrsta fundi foreldrafélagsins var ákveðið að vera ekkert að selja þykkar flíspeysur eða Hensongalla eins og í fyrra. Í staðinn verða boðnar til sölu þunnar flíspeysur og buxur frá 66north. Þorgeir sér um að hafa samband við Rúnar í 66north út af fatnaðinum og athuga með mátun og pantanir, hvenær koma flíspeysur – eru þær etv til á lager? Einnig mun Þorgeir hafa umsjón með: Auglýsingamálum og kynningu fyrir fullrúaráðsfundinn.

4. Meðstjórnendur í foreldraráði

Finna þarf tvo nýja meðstjórnendur fyrir þá sem hættu við. Herdís talar við Elísabetu og biður hana að senda út auglýsingu eftir tveimur meðstjórnendum.

5. Fundur með Margréti skólastjóra

Herdís þarf að hafa samband við Margréti skólastjóra og athuga hvort hún kemst ekki á fund á fimmtud. með foreldrafélaginu. For.félagið þarf að fá ýmsar upplýs. fyrir fulltrúaráðsfundinn frá henni. Einnig er gott að vita hvort hún er með einhverjar hugmyndir fyrir veturinn (atburðir, breytingar o.s.frv.).

6. Reglulegur fundartími foreldrafélagsins í vetur

Ákveðið var að foreldrafélagið hittist 1. mánudag í hverjum mánuði kl. 19:30.

7. Foreldrafélagið sýnilegt á skólavefnum

Herdís þarf að hafa samband við Elísabetu sem sér um upplýsingatækni má í Hofstaðaskóla.

Fyrir hönd foreldrafélagsins,

Herdís Guðmundsdóttir, ritari.